

eiga sæti í nefndinni fjórir menn, kosnir hlutbundnum kosningum af bæjarstjórn í 8  
nóvembermánuði ár hvert til eins árs í senn. Í Reykjavík kys bæjarstjórn á sama 4. febr.  
hátt og til sama tíma fimm menn í niðurjöfnunarnefnd, og einn þeirra formann  
nefndarinnar. Með sama hætti skal kjósa fjóra — í Reykjavík fimm — menn til  
vara, er taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Kjörgengir eru þeir, sem  
kjörgengir eru til bæjarstjórna. Skytt er hverjum manni, sjálfum sér ráðandi, yngri  
en 60 ára, heilum og hraustum, konum jafnt sem körlum, að starfa í niðurjöfn-  
unarnefnd, en óskytt er þó sama manni að sitja í henni samfleytt lengur en 6 ár,  
enda þarf hann ekki að taka við endurkjöri fyrr en 6 ár eru liðin síðan hann sat  
síðast í nefndinni. Í Reykjavík skal skrifstofustjóri skattstjóra aðstoða við starf  
niðurjöfnunarnefndarinnar og veita allar upplýsingar, sem hægt er.

Áður en niðurjöfnunarnefndarmaður tekur í fyrsta skipti til starfa í nefnd-  
inni, vinnur hann skriflegt drengskaparheit um að rækja starfið með alúð og  
samvirkusemi.

Bæjarstjórn ákveður þóknun niðurjöfnunarnefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört á Bessastöðum, 4. febrúar 1942.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Jakob Möller.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 86 14. nóvember 1917, um fiskveiðasamþykktir  
og lendingarsjóði.

9

28. febr.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki  
minu.

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Sýslunefndum er heimilt að gera samþykktir um ýmisleg atriði, er snerta fiski-  
veiðar á opnum skipum og mótorbátum, með þeim takmörkunum og skilyrðum, sem  
nefnd eru í lögum þessum.

Bæjarstjórnnum í kaupstöðum er og heimilt að gera samþykktir í þessu efni, hverri  
innan síns umdæmis, enda gilda öll ákvæði þessara laga um sýslunefndir og sýslu-  
félög einnig um bæjarstjórnir og bæjarfélög.

2. gr.

Orðin „innan 60 smálesta“ í 6. gr. laganna (sbr. lög nr. 29 19. maí 1930) falla burt.

1942

8

9

23. febr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 29 19. maí 1930 og 1. gr. laga nr. 117 29. des. 1933.

3. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört i Reykjavík, 28. febrúar 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

10

15. maí

## L Ö G

um notkun vegabréfa innanlands.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórnin getur fyrirskipað, að allir menn, konur og karlar, 12 ára og eldri, skuli bera vegabréf, er lögreglustjóri gefur út. Má fyrirskipa notkun slíkra vegabréfa í einstökum umdæmum eða almennt eftir því, sem þörf þykir.

2. gr.

Skylt er að sýna vegabréf þessi, hvenær sem löggæzlumenn krefjast. Einnig geta viðkomandi eftirlitsmenn, svo sem dyraverðir, krafizt þess, að vegabréf sé sýnt, ef tiltekinn aldur eða hæfileiki er skilyrði fyrir komu eða dvöl á þeim stað.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með reglugerð gerð og innihald vegabréfa og setur nánari reglur um notkun þeirra og framkvæmd laga þessara að öðru leyti.

Kostnaður við útgáfu vegabréfanna greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Brot gegn reglum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum allt að kr. 10000.00.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört i Reykjavík, 15. maí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*